

# Ársskýrsla 2021 og 2022

## Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Stakkahlíð, 105 Reykjavík

Forstöðumaður: Sólveig Jakobsdóttir prófessor, netfang: [soljak@hi.is](mailto:soljak@hi.is)

## Almennt yfirlit og stjórn

Stjórn stofunnar (sett til þriggja ára frá hausti 2021 til hausts 2024): Sólveig Jakobsdóttir prófessor, Salvör Gissurardóttir lektor; Skúlína Hlíf Kjartansdóttir aðjúnt, Svava Pétursdóttir lektor, Tryggvi B. Thayer kennsluþróunarstjóri og Þuríður Jóhannsdóttir prófessor. Stuðningsaðilar eru 3f - félag um upplýsingatækni í menntun og Heimili og skóli: Elínborg Siggeirsdóttir/Sólveig Friðriksdóttir, Arnar Ævarsson/Sigurður Sigurðsson. Aðilar að stofunni 2023 voru um 40. Þrjár stjórnarfundir voru haldnir árið 2021.

## Rannsóknir, þróunarstarf og samstarfsverkefni

Aðilar RANNUM hafa verið virkir í fjölmörgum smærri og stærri rannsóknum, samstarfsverkefnum og/eða þróunarverkefnum.

## Matsrannsókn: spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs

Í mars 2021 gerðu Kópavogsbær og Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með sér samning um matsrannsókn á innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogsbæjar á árunum 2015–2020. Markmið hennar var að kanna hverju nám með spjaldtölvum hefur skilað nemendum í grunnskólum Kópavogs meðal annars með tilliti til ánægju af og áhuga á námi, persónumiðunar náms, ábyrgðar í námi og valdeflingar nemenda, upplýsinga- og tæknilæsis, miðlalæsis, stafrænnar hæfni og námsárangurs. Þá var skoðuð staða varðandi kennsluhætti, námsefni, spjaldtölvunotkun, viðhorf hlutaðeigandi aðila, þýðingu spjaldtölvunnar í COVID-faraldrinum og innleiðingarferlið. Vorið 2021 var gögnum safnað með viðhorfakönnunum meðal nemenda í 5. til 10. bekk í öllum grunnskólum Kópavogs, foreldra þeirra og allra kennara skólanna. Einnig sófnuðu skólarnir gögnum meðal stjórnenda, kennara og nemenda um stafræna hæfni með evrópska SELFIE-verkfærinu. Þá voru tekin viðtöl við stjórnendur og lykilaðila sem komið höfðu að innleiðingunni. Haustið 2021 voru þrjár skólar heimsóttir og vettvangsathuganir gerðar í 5., 7. og 10. bekk ásamt því að tekin voru rýnihópaviðtöl við kennara og nemendur og viðtöl við skólastjóra skólanna. Árið 2022 var unnið úr gögnum og niðurstöður kynntar í menntaráði Kópavogs í mars (niðurstöður viðhorfakannana og SELFIE-könnunar) og desember (helstu niðurstöður mats) auk þess sem fundir voru haldnir um mánaðarlega á netinu með fulltrúum við menntasvið bæjarins. Sólveig Jakobsdóttir, Skúlína Kjartansdóttir sáu um rannsóknina í samstarfi við Svövu Pétursdóttur og fengu einnig liðsinni frá fimm framhaldsnemum við Menntavísindasvið.

## Rannsóknir um áhrif COVID-19 á nám og kennslu í grunn- og framhaldsskólum

Árið 2020 setti COVID-19 heimsfaraldurinn stórt strík í reikninginn enda hafði hann í för með sér mikla aukningu í fjar- og netnámi og notkun upplýsingatækni í menntun. Þau málefni voru helstu viðfangsefni stofunnar 2020 en voru einnig á dagskrá 2021 og 2022.

RANNUM aðilar (Sólveig J., Salvör, Skúlína, Þuríður, Torfi Hjartarson og Svava Pétursdóttir) tóku þátt í rannsóknum á vegum Menntavísindastofnunar um áhrif COVID-19 á skólastarf vorið 2020 (sjá [https://mvst.rhi.hi.is/grunnskoli\\_covid/](https://mvst.rhi.hi.is/grunnskoli_covid/)).

Eftirfarandi skrif tengdar þessum rannsóknum birtust 2021:

Sólveig Jakobsdóttir, Salvör Gissurardóttir, Skúlína H. Kjartansdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarson. (2021). Netkennsla og stafræn tækni í grunnskólum á tímum farsóttar vorið 2020: Sýn kennara. Netla - vef tímarit um uppeldi og menntun. <https://doi.org/10.24270/netla.2021.16>

## Digichild - Nordic Research Network on Digitalising Childhoods (DigiChild)

RANNUM tók þátt í netverkinu *Nordic Research Network on Digitalising Childhoods (DigiChild)* með norrænum styrk (NOS-HS workshop grant) fyrir árin 2019-2020/21. Verkefnið var undir forystu University of Helsinki. Sjá verkefnisvef <http://www.digichild.net/>. Sólveig og Skúlína tóku þátt í verkefninu og einnig Sólveig Zophoníasdóttir sem er doktorsnemi við Menntavísindasvið og aðili að RANNUM en nokkrir fleiri fræðimenn komu einnig að netverkinu við önnur svið HÍ.

Netverkið gaf út bók hjá Routledge sem kom út 2022:

- Kumpulainen, K., Kajamaa, A., Erstad, O., Mäkitalo, Å., Drotner, K. og Jakobsdóttir, S. (ritstj.). (2022). Nordic childhoods in the digital age: Insights into contemporary research on communication, learning and education. Routledge. <https://www.routledge.com/Nordic-Childhoods-in-the-Digital-Age-Insights-into-Contemporary-Research/Kumpulainen-Kajamaa-Erstad-Makitalo-Drotner-Jakobsdottir/p/book/9780367702526>

Tveir kaflar eru í bókinni frá íslenskum þátttakendum og annar þeirra frá aðilum RANNUM:

- Enhancing ideation and design literacy via playful making in a Virtual Learning Makerspace. Skulína Hlíf Kjartansdóttir & Gisli Thorsteinsson, University of Iceland, Iceland

## Símenntun kennara á sviði upplýsingatækni og opið netnám

Styrkur fékkst úr Kennslumálasjóði HÍ árið 2018 til að hanna og kenna opið netnámskeið um sköpunarsmiðjur (snillismiðjur, gerver, e. makerspaces). Af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna COVID-19 faraldursins hefur dregist að koma því verkefni af stað en til stendur að bæta úr því þannig að það geti verið í boði á næstu misserum.

## SELFIE verkfæri - stafræn hæfni

RANNUM aðilar hafa unnið að þýðingu og prófun á *SELFIE verkfærinu Evrópska sjálfsmatsverkfærið SELFIE (Self-reflection on Effective Learning by Fostering the use of Innovative Educational technologies*, sjá [https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital/about-selfie\\_en](https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital/about-selfie_en)). SELFIE er nokkurs konar leiðarlykill um stafræna hæfni í skólaþróun á sviði upplýsingatækni. Skólar geta skrá sig á vef á vegum Evrópusambandsins ([https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital\\_en](https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital_en)) og lagt fyrir endurteknar kannanir meðal stjórnenda, kennara og nemenda um stöðu viðkomandi hópa varðandi tæknilega innviði, stafrænt læsi og nýtingu stafrænnar tækni í námi og kennslu. Kannanirnar samanstanda af tugum spurninga. Þátttakendur geta valið um mörg tungumál, bæði varðandi kannanir og skýrslur sem kerfið býr sjálfkrafa til með niðurstöðum strax og könnun er lokið. Sólveig J. og Svava P. hafa unnið með Þorbjörgu St. Þorsteinsdóttur frá Reykjavíkurborg og sex meistaranemum við að þýða verkfærið á íslensku.

Nú er svo komið að SELFIE verkfærið er tilbúið til notkunar á íslensku og geta þá íslenskir skólar nýtt það til þess að meta stöðu stafrænnar hæfni í sínum skólum. Einnig má nýta verkfærið í rannsóknum og þróunarstarfi og mati á skólustarfi.

Frá þessari vinnu er sagt frá í greininni:

Svava Pétursdóttir, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir (2022) Stafræn hæfni: Sjálfsmatsverkfærið SELFIE í skólaþróun Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sértil 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sértil til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus [http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs\\_jon\\_torfa/04.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/04.pdf) DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.74>

Verkefnið var einnig kynnt á ráðstefnum:

Svava Pétursdóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir Stafræn hæfni: Gagnsemi sjálfsmatsverkfæra og leiðarlykla í skólaþróun Erindi á ráðstefnunni Menntakvika 15. október 2021

Svava Pétursdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir (2022) Digital competence: Frameworks and self evaluation for school development. Erindi ráðstefnunni: NERA, Menntavísindasvið Háskóla Íslands 1.-3. júní 2022

Árið 2022 var síðan hafin vinna við að þýða sjálfsmatsverkfæri fyrir einstaka kennara *SELFIE for teachers* <https://education.ec.europa.eu/selfie-for-teachers>

## Rannsóknir um stöðu og bakgrunn stúdenta í grunnnámi á MVS

Þuríður Jóhannsdóttir hefur undanfarin ár unnið með Amalíu Björnsdóttur prófessor á MVS að *rannsóknum á stöðu og bakgrunni stúdenta í grunnnámi á MVS* og á árinu 2022 birtist þessi grein sem veur athygli á mikilvægi fjarnámsins fyrir óhefðbundna stúdenta:

Þuríður Jóna Jóhannsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2022). *Háskólanemar í grunnnámi við Menntavísindasvið HÍ. Fjarnám, lykill að háskólanámi fyrir stúdenta með fjölbreyttan bakgrunn*. Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2022/alm/13.pdf> DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.13>

Þær fluttu erindi um þetta efni á Menntakvikunni 2022.

Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir. Er fjarnám lykillinn að inngildandi háskólaumhverfi? Erindi á Menntakviku 2022, 7. október, 9:00-10:30 sjá dagskrá <https://menntakvika.hi.is/dagskra-7-oktober-2022/>

## Upplýsingatækni í kennaramenntun - DICOMTEN

RANNUM aðilar tóku þátt í norræna samstarfsnetinu [DICOMTEN](#): *Digital competence in teacher training in the Nordic countries*. Um er að ræða netverk styrkt af Nordplus Higher Education Project – NPHE–2020/10184. Það lýtur að eflingu stafrænnar hæfni í kennaramenntun. Íslenskir þátttakendur í netinu voru Salvör Gissurardóttir, Skúlína Kjartansdóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarsson. Salvör og Skúlína kynntu íslensk þróunarverkefni á málstofum netsins 2021 og 2022. Einnig hélt netið málstofu á NERA ráðstefnunni í júní 2022 í Reykjavík um upplýsingatækni í kennaramenntun þar sem Sólveig flutti erindi:

Sólveig Jakobsdóttir. (2022, júní). Digital competence development of teachers and in teacher education in Iceland. Í NERA (Nordic Educational Research Association), Reykjavík.

## NordPlus - Tungumálaappið Moka Mera

Skúlína Kjartansdóttir tók þátt í Nordplus-verkefninu Moka Mera Nordic Languages - NPLA-2021/10033, sem fólst í þýðingu og staðfæringu af tungumálasmáforritinu Moka Mera Lingua, á íslensku, norsku og dönsku. Forritið er ætlað 3–8 ára börnum til að læra ný tungumál og stuðla að krossstýngingu á milli mála. Forritið kom út með þessum tungumálum í maí 2022, en einnig úrkraínsku. Skúlína hefur kynnt forritið í ýmsum áföngum í kennaranámi á MVS og forritið var áhættumetið af Kópavogsbæ. Sótt var um styrk til Íslenskusjóðinn, sem fékkst (kr 1.000.000), til að vinna að rannsókn á hagnýtingu forritsins, hugsanlega með meistaranemum við sviðið.

## NordPlus Higher Education NASG

Salvör Gissurardóttir og Skúlína Kjartansdóttir tóku þátt í Nordplus-verkefninu *Nordic Alliance for Sustainability in Gaming* (<https://nasg.tlu.ee/>) 2021-22. Netið er samstarfsnet eftirfarandi háskólar:

- [Tallinn University](#) (Estonia)
- [University of Turku](#) (Finland)
- [University of Skövde](#) (Sweden)
- [Uppsala University](#) (Sweden)
- [University of Iceland](#) (Iceland)
- [IT University of Copenhagen](#) (Denmark)

Meginmarkmið netsins eru að hvetja til aukinnar vitundar um umhverfismál og sjálfbærni í leikjamenntun og í leikjaiðnaði. Á vegum netsins eru haldnir fræðslufundir, gefnar út greinar og á árinu (júní) var haldið námskeið í Tallin - NordEcoJam: <https://nasg.tlu.ee/nordecojam-2022-summary/> með nemendum frá öllum norðurlöndunum. Þrír nemendur frá HÍ sóttu námskeiðið (tölvuleikjasmiðjuna, leikja-djammið) í Tallinn og Salvör Gissurardóttir með hópnum sem kennari/rannsakandi.

## Rannsóknarhópurinn AUSTVEF

Nokkrir af rannsakendum stofunnar (Skúlína, Torfi, Svava) tóku þátt í *Rannsóknarhópnum AUSTVEF* (Austur-vestur framkvæmd og fræði) sem hóf samstarf við þrjá grunnskóla í Reykjavík um rannsókn á þróunar og samstarfsverkefni skólanna Austur-vestur tækni og sköpunarsmiðjur haustið 2019. Samstarfið er á vegum rannsóknarstofanna RANNUM og RASK. Hópurinn hefur einnig sinnt ráðgjöf samhliða gagnaöflun og greiningu gagna. Á grundvelli þeirra gagna voru haldin nokkur erindi á tímabilinu 2021-2022:

Svala Jónsdóttir, Svava Pétursdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir og Torfi Hjartarson (2021) Þróunarverkefni á fullri ferð: Sköpunarsmiðjur í þremur grunnskólum. Erindi á ráðstefnunni Menntakvika 15. október 2021.

Torfi Hjartarson, Svanborg R. Jónsdóttir, Svala Jónsdóttir, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir & Svava Pétursdóttir (2022). A collaborative effort to foster makerspaces at three compulsory schools Erindi flutt á ráðstefnunni: NERA, Menntavísindasvið Háskóla Íslands 1.-3. June 2022

Svanborg R. Jónsdóttir, Skúlína Kjartansdóttir, Svala Jónsdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarson (2022) „Mér finnst miklu skemmtilegra að nota ímyndunaraflíð. Þá er maður frjálsl.“ Þróunarverkefnið Austur-Vestur á þriðja ári. Erindi á ráðstefnunni: Menntakvika, Menntavísindasvið Háskóla Íslands 7. Október 2022

Svanborg R. Jónsdóttir, Torfi Hjartarson, Svava Pétursdóttir, Svala Jónsdóttir and Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2022). Three compulsory schools' collaboration on developing maker spaces: Characteristics and influential factors. Erindi flutt á ráðstefnu BERA 6.-8. september 2022 í University of Liverpool.

Birtingar úr verkefninu voru tvær á þessum árum:

Svava Pétursdóttir, Svala Jónsdóttir, Torfi Hjartarson, Svanborg R. Jónsdóttir og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir. (2022). Sköpunarsmiðjur í þremur grunnskólum: Þróunarverkefni á góðri siglingu. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/16.pdf> DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2022.16>

Svanborg R. Jónsdóttir, Skúlína H. Kjartansdóttir, Svala Jónsdóttir, Svava Pétursdóttir og Torfi Hjartarson. (2021). Sköpunar- og tæknismiðjur í þremur grunnskólum: Framkvæmd og kennslufræði fyrstu skrefin. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <https://netla.hi.is/greinar/2021/alm/09.pdf> DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2021.9>

## Bakhjarlsverkefninu: Fjarmentabúðir - Stuðningur háskóla við skólastarf með stafrænni tækni.

Sólveig J., Salvör, Svava, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Sólveig Zophoníasdóttir tóku þátt í *Bakhjarlsverkefninu: Fjarmentabúðir: Stuðningur háskóla við skólastarf með stafrænni tækni*. Styrkur til samfélagsvirkni fékkst frá HÍ 2020 og voru því fleiri fjarmentabúðir haldnar skólaárið 2020-2021, þar af tvær árið 2021. Afrakstur af verkefninu má m.a. sjá af eftirfarandi birtingum og umfjöllun:

Sólveig Jakobsdóttir, Hróbjartur Árnason, Kristín Dýrfjörð, Salvör Gissurardóttir, Sólveig Zophoníasdóttir og Svava Pétursdóttir. (2021). Menntabúðir í starfsþróun kennara: Þær virka á netinu! Skólaþraedir. <https://skolathraedir.is/2021/03/02/menntabudir-i-starfsthroun-kennara-thaer-virka-a-netinu/>

Sólveig Jakobsdóttir. (2021, Febrúar). Háskóli Íslands á UTmessu: Fjarmentabúðir. Í UTmessunni, Reykjavík.  
[https://www.facebook.com/watch/live/?ref=watch\\_permalink&v=180948897151057](https://www.facebook.com/watch/live/?ref=watch_permalink&v=180948897151057)

## Samfélagsleg nýsköpun, frumkvöðlamennt og framtíð menntunar

Á árinu fluttist Tryggvi Thayer til í starfi. Hann var áður kennsluþróunarstjóri MVS en fluttist til Nýsköpunarstofu menntunar sem var stofnuð um mitt ár í stöðu verkefnisstjóra nýsköpunar.

Verkefnið *Partnership for Sustainable Development and Social Innovation (PASSION)*, sem hófst 2020, lauk um haustið. Verkefnið reyndist töluvert erfiðara í framkvæmd en upphaflega var áætlað vegna Covid 19 faraldursins. Þó tókst að þróa og prófa áhugaverð netnámskeið á háskólastigi sem tengjast sjálfbærnimenntun og samfélagslegri nýsköpun. Einnig ritaði Tryggvi grein sem var samþykkt til birtingar á árinu:

Thayer, T. (2023). Identifying similarities and differences in sustainability education and foresight and futures education: a comparative analysis of competence frameworks. *On the Horizon*, 31(2), pp. 95-109. <https://doi.org/10.1108/OTH-11-2022-0066>

Á árinu birtist sérrit sem Tryggvi ritstýrði fyrir *On The Horizon Journal*:

Thayer, T. (Ed.). (2022). The future of learning: Rethinking learning in societal transformations [Special issue]. *On The Horizon*, 30(2).

Einnig var birt grein Tryggva í afmælisriti Netlu til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni:

Thayer, Tryggvi (2022). Framsýni og menntakerfi: Mótun menntastefnu með framtíð að leiðarljósi. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrit 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessors emeritus  
[https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs\\_jon\\_torfa/12.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/12.pdf) DOI:  
<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.82>

Erasmus verkefnið *Digital Firefly* sem Tryggvi stýrir og miðar að þróun fræðsluefnis um frumkvöðlamenntun í rafrænu námsumhverfi hélt áfram á árinu. Töluverðar áskoranir hafa verið í verkefninu vegna Covid faraldursins. Verkefnið lýkur í upphafi árs 2023 og er gert ráð fyrir að takist að alla helstu verkþætti náist að klára.

## Stafræn Borgaravitund

Svava Pétursdóttir hefur verið þátttakandi í netverki talsmanna um stafræna borgaravitund. Sjá <https://www.coe.int/en/web/digital-citizenship-education/promoters> og tímalínu verkefnisins <https://padlet.com/vitor5/dce-promoters-timeline-april-2019-june-2023-rb403zvwxtmxa4xx>

Auk þess er samstarf milli hennar, Sigurðar Sigurðssonar hjá SAFT, Bergþóru Þórhallsdóttur og Sigurði Hauki Gíslasyni frá Kópavogsbæ, og Sæmundi Helgasyni kennara Langholtsskóla um stafræna borgaravitund. Sæmundur hefur unnið að þýðingu námsefni Commonsense media, vinnan byrjaði sem meistaraverkefni hans undir leiðsögn Sólveigar Jakobsdóttur. Kópavogsbær hefur sett saman vef með

safni af námsefni um stafræna borgaravitund flokkað eftir aldurahópum  
<https://sites.google.com/snjallheimar.is/stafræn-borgaravitund>  
Samstarfshópurinn skipulagði og kenndi námskeið á vegum Menntafléttunnar  
<https://menntamidja.is/namskeid/stafræn-borgaravitund-23-24/>

Starfshópur um Digital Inclusion - stafræna inngildingun  
Salvör

TUMI - miðlalæsi samstarf

Mixtúra -

## Helstu verkefni í deiglu stuðningsaðila

### Heimili og skóli - SAFT verkefnið

Hjá Heimili og skóla stendur SAFT verkefnið mjög vel. SAFT stóð fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. Ungmennaráð SAFT (UngSAFT) er virkjað í hugmyndavinnu. Dæmi um viðburði eru rafræn fræðsla á Foreldradaginn, Alþjóðlegi netöryggisdagurinn í febrúar og Dagur gegn einelti. Fræðsluerindi voru haldin um allt land fyrir nemendur, kennara, foreldra, starfsfólk heilsugæslu og þjónustumiðstöðva og fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla en yfir skólamánuðina eru haldin 2-3 erindi á viku.

Heimfaraldur Covid-19 hafði töluverð áhrif á starf SAFT árið 2021 og byrjun árs 2022. Þegar samfélagið lokaði þá var gripið til þess ráðs að halda áfram með fjarfræðslur fyrir nemendur og foreldra. Árið 2022 var gríðarleg eftirspurn um fræðslu um netöryggi og stafræna borgaravitund. Það mikil að starfsfólk þurft að hafa sig allt við að sinna þessari eftirspurn og því miður þurfti að hafna fræðslubeiðnum vegna annríkis.

Verkefni SAFT síðustu tvö ár hafa verið fjölbreytt. Hæst ber að nefna samstarfsverkefni með Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um jafningjafræðslu á stafrænni borgaravitund. Samstarf var komið á með Grunnskóla Seltjarnarness um að skólin tæki þátt í þessu verkefni. Verkefnið var prufukeyrt í vormánuðum 2022 og gekk mjög vel. Skólinn hefur haldið áfram að keyra verkefnið og er það ætluð okkar að gefa út leiðbeiningar þannig að aðrir skólar geta einnig tekið upp verkefnið. Jafnframt tók SAFT þátt í gerð og framkvæmd Smartbus verkefnisins hér á landi í samstarfi við Huawei en það er fræðsla til ungmenna um jákæðar hliðar netsins hvað það er sem við þurfum að varast.

Fengu styrk fyrir jafningjafræðslu þar sem unglingar á Seltjarnarnesi kynna fyrir miðstigi.

### Fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun

Að venju þá sinnir fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun, ýmsum málefnum tengdum upplýsingatækni í menntun í samstarfi við KÍ. Alltaf eru sumarnámskeið fyrir framhaldsskólakennara.

Fagfélagið 3f, félag um upplýsingatækni og menntun er vettvangur þeirra sem vilja stuðla að aukinni menntun í upplýsingatækni, fyrir skoðanaskipti og fyrir þá sem vinna að hagnýtingu upplýsingatækninnar í námi og kennslu. Sjá vefsíðu félagsins hér: <http://www.3f.is/>

Fagfélagið 3f og SEF, samtök um endurmenntun framhaldsskólakennara, stóð fyrir árlegu sumarnámskeiði framhaldsskólakennara 9.–10. júní 2021 og aftur eingöngu í gegnum netið vegna Covid-19. Þar með gátu mun fleiri sótt námskeiðið. Þátttakan var mjög góð. Yfirskrift námskeiðsins var: *Beinar útsendingar – Streymi frá A til Ö*. Á námskeiðinu var kynning á möguleikum beinna útsendinga á netinu í hvers kyns fræðslu og skólastarfi. Þátttakendur settu upp eigið streymi þar sem notast var við samfélagsmiðla, Facebook og YouTube til að koma efninu á framfæri. Fyrirlestrar og umræður fóru fram í gegnum kennslukerfið Moodle hjá Verzlunarskóla Íslands. Kennarar á námskeiðinu voru Sigurður Fjalar Jónsson, kennari í FB og Kristap Brauns kerfisstjóri.

Dagana 8.–9. júní 2022 var yfirskrift sumarnámskeiðs 3f og SEF *Frá upptöku til útgáfu*. Þá var aftur hægt að hittast í raunheimum og þátttaka að venju mjög góð. Farið var í gegnum grunnatriði forritsins Davinci Resolve og svo unnið með klippingar á gögnum og fleira því tengt. Fyrri daginn var kennslan með myndskaiðum í gegnum Moodle í Versló. Seinni daginn var heimsókn í stúdíó Iðunnar fræðsluseturs þar sem farið var yfir tæki og tól og svo verklegur hluti í Versló í klippingu myndskaiða. Kennarar á námskeiðinu voru Sigurður Fjalar Jónsson, kennari í FB og Fjóla Hauksdóttir, verkefnastjóri hjá Iðunni fræðslusetri. Tengill í efni námskeiðsins: <http://www.3f.is/2022-sumarnaacutemskeieth.html>

Sumarnámskeiðin eru ætluð framhaldsskólakennurum og þeim að kostnaðarlausu. Fagfélagið er með fésbókarsíðu þar sem helstu fréttir eru settar inn: <https://www.facebook.com/3f.fagfelag>

## Kynningarstarfsemi, málþing og málstofur

Alex Öregren var með málstofu á vegum RANNUM um stafræna borgaravitund 30.9. 2021

Þrjár málstofur voru í boði á Menntakviku á vegum RANNUM haustið 2021, sjá <https://rannum.hi.is/menntakvika/menntakvika-2021/>

Tengslanet á vegum RANNUM á Ning er með 327 skráða. Vef RANNUM hefur verið haldið úti ásamt Facebook-hóp fyrir aðila stofunnar. Vegna netárása þurfti að flytja RANNUM-vefinn af <https://skrif.hi.is/rannum> yfir á <https://rannum.hi.is>